



## ÁHERSLUR Í KOMANDI KJARASAMNINGSVIÐRÆÐUM

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar hvetur stéttarfélögin til að hefja nú þegar undirbúning að endurnýjun kjarasamninga með það að markmiði að nýir samningar taki við af núgildandi samningum þegar þeir renna út í lok ársins.

Við endurnýjun kjarasamninga er óhjákvæmilegt að horft verði til þeirra miklu breytinga sem hafa orðið að á íslenskum vinnumarkaði. Fjölgun erlends vinnuafis er miklu meiri á íslenskum vinnumarkaði en þekkt hefur. Nauðsynlegt er að bregðast við því með margvíslegum hætti m.a. með breytingum á kjarasamningum.

Við endurnýjun kjarasamninga leggur Sambandsstjórn Samiðnar áherslu á eftirfarandi:

Að laun iðnaðarmanna verði leiðrétt en þau hafa setið eftir á liðnum árum miðað við sambærilega hópa.

Að kauptaxtar iðnaðarmanna endurspegli laun á markaði.

Að samið verði um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar.

Að nýir kjarasamningar tryggi vaxandi kaupmátt allra og efnahagslegan stöðuleika.

Að tekið verði á núverandi íbúðarhúsnæðisskortri með markvissum hætti, svo að allir geti búið við húsnæðisöryggi.

Sambandsstjórn beinir því til iðnaðarmannasamfélagsins að það myndi samstöðu um kröfur sínar og komi sem ein heild að gerð kjarasamninga.

Reykjavík, 18. maí 2018